

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

ÁRSSKÝRSLA 2024



Setbergi 27. nóvember 2024

Skýrsla formanns

Þrítugasta starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2024.

Þann 27. nóvember 2024 eru liðin 30 ár frá því að klúbburinn var stofnaður. Á síðasta aðalfundi var ákveðið að hafa aðalfund fyrir þetta ár á afmælisdegi klúbbsins. Í skýrslunni er sérstakur kafli helgaður helstu atriðum úr sögu klúbbsins.

Veður og vallarmál

Síðasti vetur var tiltölulega hagstæður fyrir völlinn sem kom vel undan vetri. Opnað var inn á sumarflatir þann 9. maí.

Áður en opnað var inn á sumarflatir var hreinsunardagur á vellinum samkvæmt venju þar sem félagar tíndu rusl, byggðu brýr, löguðu göngustíga, reistu vegg og margt fleira. Þetta er alltaf jafn skemmtilegur dagur og góð tilfinning að finna kraftinn sem myndast þegar svo margir félagar leggja hönd á plóg.

Hér má sjá myndir frá vinnudeginum:



Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar. Áfram var hátt hlutfall af ákjósanlegum grastegundum í flötunum. Þær grastegundir sem eru ríkjandi í okkar flötum eru, eins og komið hefur fram í fyrri skýrslum, annars vegar hálingresi (*Agrostis capillaris*, e. brown top bent) og hins vegar vinglar, og þá helst rauðvinglar (*Festuca rubra* ssp.). Ástæður þess að við erum með svo hátt hlutfall af svo ákjósanlegum grasplöntum í flötunum eru margvíslegar. Fyrst og fremst er það rétt umhirða. Mikilvægt er að vera með nákvæma áburðargjöf og gæta að því að vökva ekki of mikið. Of mikil áburðargjöf og vökvun býr til aðstæður fyrir varparsveifgras til þess að dafna. Við höfum í einu og öllu fylgt þeirri áætlun sem lagt er upp með til þess að halda uppi hlutfalli þessara ákjósanlegu grastegunda. Jafnframt þarf að valta flatir og sanda reglulega en með því skapast betri aðstæður fyrir grasið og líkur á uppsöfnun á þæfi minnka.



Það reyndi ekki mikið á vökvunarkerfið þetta árið enda sáu æðri máttarvöld um að vökva. Gott fyrir gróðurinn og völlurinn grænn og fallegur. Það þýddi ekkert annað en að sætta sig við þetta og voru félagar og aðrir mjög duglegir að spila þrátt fyrir veðrið. Hérna sjáum við mynd af læknum á sjöttu braut á fallegum rigningardegum.

Flatirnar voru í góðu ástandi þegar veturinn skall á og ættu að verða í góðu ástandi næsta sumar.

Klúbburinn sá um alla umhirðu á vellinum.

Áburðar- og lyfjagjöf á flatir á árinu

Endurnýjaður var ráðgjafarsamningur við Bjarna Hannesson sem stýrði áburðar- og lyfjagjöf.

Haldið var áfram að vinna með svokallaða MLSN kenningu í áburðarmálum og aðeins borin á þau efni sem nauðsynlega þarf. Áfram var unnið í að halda mosavexti í flötunum í skefjum með því að úða járnsúlfati á flatirnar.

Umhirðan á flötum vallarins skiptir öllu máli. Hvenær og hversu mikið borið er á flatirnar, hvenær sandi er dreift yfir, hvernig vélar eru stilltar og hvernig flatir eru valtaðar og slegnar eru allt atriði sem skipta sköpum um gæði flatanna. Við leggjum höfuðáherslu á öll þessi atriði og teljum að flatirnar á Setbergsvelli séu í hæsta gæðaflokki.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Kaup á vélum, tækjum og fleira

Eftirtalin tæki voru keypt á árinu:

- Gamlir vinnubílar fyrir starfsmenn úti á velli.
- Ýmis smátæki, svo sem holuskerar o.s.frv.
- Traktor sem var notaður í varahluti.

Reynslan af sláttuvélmennunum er mjög góð. Tækin slá brautir og karga mjög vel og eru þessi svæði á vellinum alltaf nýslegin. Enn fremur minnkar þetta notkun á eldsneyti og dregur úr útblæstri á koltvísýringi. Við höfum á sl. tveimur árum dregið verulega úr notkun á eldsneyti og ætlum að draga enn frekar úr slíkri notkun með fleiri sláttuvélmönnum. Á næstu árum verðum við að bæta utanumhald og skráningu á þessari grænu vegferð til þess að fá viðeigandi vottanir. Við teljum okkur hafa skarað fram úr við að viðhafa sjálfbærni í rekstrinum en ef það er ekki skráð í viðeigandi kerfi hlýtur það ekki almenna viðurkenningu.

Svæðið í kringum golfskálann

Svæðinu sunnan við golfskálann var breytt talsvert. Hlaðinn var veggur úr hleðslusteinum og fyrir ofan hann byggður veggur úr timbri. Hér á sjá myndir af framkvæmdinni:



Við þökkum öllum þeim sem stóðu að þessari framkvæmd fyrir þeirra framlag.

Rafstrengir, hleðslustöðvar og mastur

Leggja þurfti talsvert af nýjum rafmagnstrengjum í jörðu til hleðslustöðva fyrir sláttuvélmennin. Enn fremur var sett upp mastur fyrir GPS sendi á golfskálann sem stýrir hluta af sláttuvélmennunum.

Rekstur

900 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Hefðbundin dagleg sala á flatargjöldum var heldur minni en árið áður enda veðrið bæði leiðinlegt ásamt því að félagar voru duglegir að spila og þá sérstaklega þessa fáu góðviðrisdaga. Líkt og í sl. tvö ár þá höfnuðum við öllum beiðnum um að taka frá rástíma fyrir hópa og fyrirtæki. Aðsókn í mót var svipuð og síðastliðin ár.

Niðurstaða rekstrarins er virkilega góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist. Eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir nema um 80.000.000 kr. og þar af er um 52.000.000 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins nam 20.000.000 kr. Klúbburinn greiddi sem fyrr leigu fyrir landið, að fjárhæð um 7.500.000 kr., sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

Félagar léku um 19.000 hringi á árinu samkvæmt upplýsingum úr Golfbox.

Aðgengi að vellinum, reglur um rástímaskráningu og eftirfylgni

Þrátt fyrir að félögum hafi fjölgað frá síðasta ári reyndist mjög auðvelt að fá rástíma á völlinn í sumar. Félagar gátu sem fyrr skráð sig á rástíma með þriggja daga fyrirvara en gestir frá klukkan 22:00 daginn fyrir viðkomandi leikdag. Við getum ekki fullyrt að völlurinn þoli þann fjölda sem núna er í klúbbnum þar sem veðrið sl. sumar var með versta móti. Við viljum halda áfram að tryggja félögum gott aðgengi að vellinum og leggjum til að halda því til streitu að hafna því að bóka fyrirfram rástíma fyrir fyrirtæki og hópa. Um 300 manns eru á biðlista eftir inngöngu í klúbbinn en við teljum ekki óhætt að fjölga félögum að svo stöddu. Stjórn leggur því til að fjölga ekki frekar í klúbbnum. Ef við sjáum fram á að aðgengi að vellinum verði erfiðara er hægt að takmarka enn frekar sölu á flatargjöldum.

Það er mikið spilað á vellinum hjá okkur og við viljum að allir virði settar reglur og haldi góðum leikhraða. Í sumar vorum við með eftirlit úti á velli þegar tilefni var til. Ólafur Sigurjónsson og Jakob S. Magnússon sáu um þetta eftirlit.

Nýliðanámskeið, unglिंगastarf og golfkennsla

Í sumar var boðið upp á golfleikjanámskeið fyrir krakka. Haukur Már Ólafsson PGA - golfkennari, hafði umsjón með námskeiðunum og naut aðstoðar starfsmanna og félaga í klúbbnum. Á námskeiðunum var farið yfir sveifluna, stutta spilið, púttin og helstu golf- og siðareglur. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum.

Í sumar voru síðan fastar æfingar hjá þeim sem eru að æfa hjá klúbbnum.

Þrjú krakkar tóku þátt í mótum á vegum Golfsambands Íslands. Lovísa Huld Gunnarsdóttir varð í þriðja sæti í Íslandsmótinu í högggleik í flokki 15-16 ára stúlkna og María Högnadóttir varð í fjórða sæti í Íslandsmótinu í högggleik og í þriðja sæti í Íslandsmótinu í holukeppni í flokki 13-14 ára stúlkna.

Haukur Már Ólafsson, PGA golfkennari, Guðjón G. Daníelsson, PGA golfkennari og Júlíus Hallgrímsson, sáu um golfkennslu hjá klúbbnum yfir sumarið.



Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, þ. á m. meistaramót, bikarkeppni, Opna Setbergsmótið og Opna Vera Design kvennamótið. Þá var Bangsamótið haldið í sjöunda skiptið en þar leika konur á móti körlum. Þriðja árið í röð unnu karlarnir og er bangsinn því áfram í bláum fötum.

Innanfélagsmótin hafa að mestu færst yfir í karla- og kvennagolfið enda býðst félögum að taka þátt í innanfélagsmótum nánast vikulega á þeim vettvangi.

Meistaramót klúbbsins var í fyrsta skiptið leikið á 7 dögum og gekk sú útfærsla mjög vel.

Klúbbmeistari kvenna varð Lovísa Huld Gunnarsdóttir.

Klúbbmeistari karla varð Hrafn Guðlaugsson.

Bikarmeistari kvenna varð Stefanía Arnarsdóttir.

Bikarmeistari karla varð Ingólfur Már Ingólfsson.



Í haust var prófað að spila svokallað ljósboltamót þar sem notast var við bolta sem lýsa í myrkri. Var það mjög skemmtileg nýbreytni.

Vinavellir

Endurnýjaðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Suðurnesja, Golfklúbbinn Hellu og Golfklúbbinn Sandgerði. Enn fremur var gerður vinavallasamningur við Golfklúbbinn Leyni á Akranesi.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson, formaður, Þórarinn Sófusson, varaformaður, Pétur Einarsson, gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir, meðstjórnendur.

Nefndir og fulltrúar

Eftirtaldar nefndir og fulltrúastöður voru svo skipaðar:

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðbjólfsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna www.gse.is.
- **Mótanefnd:** Árni Finnsson, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Fríða Björg Leifsdóttir, Högni Friðbjólfsson og Pétur Einarsson.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðbjólfsson, Pétur Einarsson, Björn Eysteinnsson, Ágústa Hera Birgisdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
- **Aganefnd:** Eiríkur Svavarsson formaður, Ingvar Ásmundsson og Helga Ívarsdóttir.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Hulda Salómonsdóttir, formaður, María Ólafsdóttir, Anna Magnea og Helga Birkisdóttir.
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Ingvar Ásmundsson, Eiríkur Svavarsson, Hrafn Guðlaugsson, Kristín Inga Sigvaldadóttir og Helga Ívarsdóttir.
- **Dómaranefnd:** Karl-Johan Brune, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Elín Reynisdóttir og Högni Friðbjólfsson.
- **Karlastarfið:** Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson.
- **Öryggisfulltrúi:** Karl-Johan Brune.
- **Persónuverndarfulltrúi:** Fríða Björg Leifsdóttir.

Hola í höggi

Jóhann R Benediktsson (á annarri holu), Ársæll Óskar Steinmóðsson (á annarri holu), Júlíus Freyr Valgeirsson (á áttundu holu), Arnar Smári (á áttundu holu) og Árni Hrafn Falk (á fimmtu holu) fóru holu í höggi á vellinum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni GSÍ

Karlasveit klúbbsins spilaði í 1. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Akureyrar. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Júlíus Hallgrímsson, Helgi Þórisson, Atli Grétarsson, Haukur Már Ólafsson, Einar Bjarni Helgason og Guðjón Henning Hilmarsson. Liðsstjóri var Grétar Agnarsson.

Sveitin endaði í áttunda sæti og leikum við því í 2. deild á næsta ári.

Kvinnasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbum Flúðum. Sveitin endaði í öðru sæti og leikur því aftur í 2. deild á næsta ári en einungis efsta sveitin fór upp um deild. Sveitin tapaði naumlega fyrir Golfklúbbi Akureyrar í fyrsta leik en það var eini leikurinn sem tapaðist.



Kvinnasveitina skipuðu: Melkorka Knútsdóttir, Högna Kristbjörg Knútsdóttir, Hekla Sóley Arnarsdóttir, Saga Ísafold Arnarsdóttir, Lovísa Huld Gunnarsdóttir og María Högnadóttir. Við náum vonandi að gera enn betur næsta sumar.

Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 1. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Þorlákshafnar. Sveitina skipuðu Tryggvi Traustason, Sigurður Aðalsteinsson, Ólafur Hreinn Jóhannesson, Júlíus Hallgrímsson, Gunnsteinn Jónsson, Guðbjörn Ólafsson og Sigurður Óli Guðnason. Grétar Agnarsson var liðsstjóri. Sveitin endaði í 5 sæti.

Kvennasveit klúbbsins í öldungaflokki hélt til Húsavíkur til þess að taka þátt í 2. deild í sveitakeppni GSÍ. Leikinn var einn hringur fyrsta daginn í grenjandi rigningu og vindi. Veðrið versnaði eftir það og á endanum var mótinu aflýst. Mikil vonbrigði fyrir þátttakendur.



Sveitina skipuðu: Elín Reynisdóttir, Kristín Inga Sigvaldadóttir, Ágústa Hera Birgisdóttir, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Hildur Björk Hilmarsdóttir og Helga Ívarsdóttir.

Starfsmenn klúbbsins

Albert Albertsson, Böðvar Ragnarsson, Pétur Einarsson, Erpur Þórhallsson, Ragnar Þór Bergsson, Pétur Gunnarsson, Halldór Magnús Guðbjartsson og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum ásamt verktökum á ákveðnum álagstímum.

Elma Karen Gunnarsdóttir, Hrefna Högnadóttir, Lovísa Huld Gunnarsdóttir, Emelia Guðbjörg, María Högnadóttir og Ólafur Sigurjónsson voru starfsmenn á skrifstofu.

Um rekstur á golfskála sá sem fyrr Sigríður Lilja Samúelsdóttir.

Eftirlitsmenn á vellinum voru Jakob S. Magnússon og Ólafur Sigurjónsson.

Helstu framkvæmdir framundan og fjárfestingar

Stjórn leggur til að farið verði að leita leiða til þess að koma upp inniæfingaaðstöðu á vellinum. Slík framkvæmd, sem yrði að vera afturkræf með því að flytja viðkomandi aðstöðu í burtu þegar okkur verður gert að hætta starfsemi á Setbergsvelli, þarf samþykki sveitarfélaga og landeiganda. Gert er ráð fyrir þessu í áætlun fyrir næsta ár. Enn fremur er gert ráð fyrir því að keypt verði fleiri sláttuvélmennti ásamt hleðslustöðvum, vinnubíll fyrir starfsmenn og golfsett til þess að leigja út.

Framtíð Setbergsvallar

Staðan varðandi leigusamning klúbbsins við eigendur landsins sem Setbergsvöllur er á er óbreytt. Klúbburinn hefur völlinn á leigu þar til landeigendur fá leyfi til þess að hefja framkvæmdir. Ekki liggur fyrir hvenær það verður. Ekki er búið að vinna skipulag fyrir svæðið.

Við vonumst til þess að fá svæði undir nýjan golfvöll á næstu árum. Fyrir liggur að það er að koma að klúbbum í forgangs röðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Klúbburinn hefur staðið í þeirri trú að sú forgangsröðin verði virt. Við höfum átt samtál við Hafnarfjarðarbæ um nýtt svæði um langt skeið og hefur það samtál ávallt verið á þann veg að sveitarfélagið hefur tekið jákvætt í þá hugmynd að klúbburinn fengi svæði í Hafnarfirði til þess að byggja upp sína aðstöðu til framtíðar. Golfklúbburinn Keilir sendi erindi til bæjarráðs Hafnarfjarðar dags. 4. nóvember 2024 þar sem Golfklúbburinn Keilir óskar eftir því við bæjarráð Hafnarfjarðar að gerð verði viljayfirlýsing á milli Hafnarfjarðarbæjar og Golfklúbbsins Keilis um þróun, framkvæmd og rekstur á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar. Þetta erindi kom okkur algjörlega í opna skjöldu og ákváðum við í kjölfarið að senda svohljóðandi bréf til bæjarráðs Hafnarfjarðar:

*Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði*

Hafnarfirði, 22. nóvember 2024

Varðar: Umsókn Golfklúbbsins Setbergs um land undir nýjan golfvöll.

Golfklúbburinn Setberg ítrekar fyrri óskir um að gerð verði viljayfirlýsing á milli Hafnarfjarðarbæjar og Golfklúbbsins Setbergs um framtíðarsvæði fyrir golfklúbbinn í upplandi Hafnarfjarðar.

Golfklúbburinn Setberg var stofnaður í Hafnarfirði 27. nóvember 1994 og í byrjun árs 1995 var golfklúbburinn orðinn fullgildur aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar og þar með að Golfsambandi Íslands. Setbergsvöllur opnaði formlega í júní 1995. Völlurinn liggur í landi Setbergs frá Reykjanesbraut í vestri að Urriðakotsvatni og Fjárhúsholti austan megin. Árið 1996 var svo vígður æfingavöllur, sem samanstendur af 9 þar 3 holum sem liggja að Hólsbergi. Þrátt fyrir að völlurinn liggja að stærstum hluta í landi Garðabæjar var það ákvörðun stjórnar að óska eftir inngöngu að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar. Er enda aðgengi að Setbergsvelli frá Hafnarfirði og stór hluti 900 meðlima klúbbsins Hafnfirðingar, að ótöldum þeim hundruðum einstaklinga sem skráðir eru á biðlista eftir inngöngu í klúbbinn.

Á þeim 30 árum sem liðin eru frá stofnun golfklúbbsins hafa félagsmenn skipt þúsundum og margir tekið sín fyrstu skref í íþróttinni hjá golfklúbbum. Vart þarf að fjölyrða um að Golfklúbburinn Setberg hefur öðlast fastan og mikilvægan sess í flóru íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði.

Fyrir hefur legið um nokkurt skeið að unnið er að skipulagi byggðar á því svæði sem núverandi völlur golfklúbbsins liggur. Af þeim sökum er mikill þrýstingur á golfklúbbinn að huga að sinni framtíð og finna svæði fyrir nýjan golfvöll. Það hefur hann gert eftir þeim leiðum og leikreglum sem boðnar eru á vettvangi



Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og sýnt mikla þolinmæði og samstarfsvilja í þeim efnum.

Á þingi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar í maí 2019 var lagt til að nýr golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg yrði formlega settur inná forgangsröðun íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Var tillagan einróma samþykkt. Sú forgangsröðun gerði ráð fyrir að á árinu 2021 yrði hafist handa við útfærslu og deiliskipulag fyrir golfvöllinn en meginþungi í uppbyggingu vallarins yrði á árunum 2025-2028. Ljóst er að þær tímasetningar sem fram komu í forgangsröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar hafa ekki gengið eftir. Á síðasta þingi bandalagsins í maí 2023 var samþykkt tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og er núna að koma að þeim lið í framkvæmdaröðinni að leggja nýjan golfvöll fyrir Golfklúbbinn Setberg.

Af framangreindu leiðir að Golfklúbburinn Setberg hefur unnið árum saman eftir boðnum leiðum að því að fá úthlutað svæði í Hafnarfirði undir nýjan golfvöll í trausti þess að áðurgreind forgangsröðun á vettvangi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sé og verði virt. Í þessu trausti hefur golfklúbburinn í rekstri sínum safnað í myndarlegan sjóð til þess að standa undir eiginfjárframlagi golfklúbbsins þegar að uppbyggingu nýs vallar kemur. Enn fremur hefur, með skynsömum rekstri, verið lagður grunnur að því að ráða til starfa hjá klúbbnum framúrskarandi aðila til þess að stýra uppbyggingu nýs golfvallar í samstarfi við aðra aðila. Golfklúbburinn Setberg er því vel reiðubúinn í alla staði til að takast á við það verkefni að byggja upp og halda úti nýjum golfvelli með myndarbrag.

Þar sem nú er unnið að endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er mikilvægt - ef breyta á aðalskipulagi Hafnarfjarðar með þeim hætti að fyrirhugað íþróttasvæði í Selhrauni verði nýtt undir íbúðabyggð - að unnið verði að útfærslu á svæði fyrir Golfklúbbinn Setberg í upplandi Hafnarfjarðar þar sem að næsti golfvöllur í Hafnarfirði kemur þá til með að verða staðsettur.

Golfklúbburinn Setberg leggur mikla áherslu á að koma að hugmyndavinnu við staðsetningu á nýju landi fyrir íþróttastarfsemi og golfvöll með það að markmiði að íþrótt- og útivistarstarf verði sem öflugast á svæðinu og í góðri sátt við íbúa og önnur félagasamtök í Hafnarfirði.

Með góðu skipulagi og samstarfi á svæðinu er hægt að þróa og byggja upp íþrótt- og útivistarsvæði þar sem íþróttir, útivist, ferðaþjónusta og ræktun lands styðja hvert við annað. Frá því golfklúbburinn kom fyrst að samtali um nýtt íþrótt- og útivistarsvæði hafa önnur íþróttafélög og aðrir hagsmunaaðilar sammælt um að styðja þá hugmynd að hefja vinnu við þróun á aðlaðandi, vel hannaðri og umhverfisvænni heildarlausn sem nýtist sem flestum þegnum samfélagsins. Eru enda ýmis dæmi um vel heppnaða blöndun ólíkra landnotkunarkosta við golfvelli, þar sem við sögu koma meðal annars reiðleiðir, skógrækt, göngu-, hlaupa- og hjólastígar, fuglaskoðun, fræðsla um menningarsögulega arfleifð og margvísleg landbóta- og vistverndarverkefni. Nýta má golfvallargerð sem frumkvæði í þágu samnýtingar á innviðum, til að mynda með bílastæðum og búninga- og veitingaaðstöðu með stærðarhagkvæmni fyrir samfélagið og lagfæringar á



skemmdu landi, ef við á, að leiðarljósi. Þannig mætti gera svæðið aðgengilegt sem flestum.

Að virtu framangreindu standa sterk rök til þess að Hafnarfjarðabær stigi nú ákveðin skref í átt að því að úthluta Golfklúbbnum Setbergi svæði undir uppbyggingu á nýjum golfvelli fyrir golfklúbbinn, í samstarfi við önnur íþróttafélög í Hafnarfirði, í einum eða fleiri áföngum.

Samhengisins vegna er rétt að taka fram að Golfklúbbnum Setbergi er kunnugt um bréflega ósk Golfklúbbsins Keilis til bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 4. nóvember sl. um að gerð verði viljayfirlýsing við Golfklúbbinn Keili um þróun, framkvæmd og rekstur á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar. Hægt væri að hafa mörg orð um það erindi Golfklúbbsins Keilis og hversu óviðeigandi það er að falast eftir slíkri sniðgöngu á samþykktri forgangsröðun á vettvangi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, sem sá klúbbur sjálfur ásamt öllum öðrum meðlimum bandalagsins stóð að. Af hálfu Golfklúbbsins Setbergs verður látið nægja að sinni að benda góðfúslega á að þau sjónarmið í bréfi Keilis, sem málefnaleg geta talist, eiga öll jafn vel við um Golfklúbbinn Setberg.

Í ljósi alls framangreinds ítrekar Golfklúbburinn Setberg því beiðni sína um að Hafnarfjarðarbær gangi nú þegar til samstarfs við golfklúbbinn um uppbyggingu á nýjum golfvelli fyrir félagi golfklúbbsins. Með því yrði framtíð og staðsetning Golfklúbbsins Setbergs í Hafnarfirði tryggð og unnt að nýta eldmóð og krafta félagsmanna til uppbyggingar á nýjum stað. Golfklúbburinn hefur í starfsemi sinni lagt áherslu á gott aðgengi fyrir félagsmenn og aðra ásamt því að skapa vinalegt andrúmsloft, svo sem með skipulögðu starfi þar sem allir eru velkomnir. Við trúum því að það sé samfélaginu til heilla að íbúar eigi þann valkost að ganga í golfklúbb eins og Golfklúbbinn Setberg.

Ef vilji Hafnarfjarðarbæjar stendur ekki til þess að fylgja forgangsröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og ganga til samstarfs við Golfklúbbinn Setberg um uppbyggingu á nýjum golfvelli óskar golfklúbburinn eftir því að fá þá afstöðu fram með skýrum og formlegum hætti.

Virðingarfyllst,

F.h. Golfklúbbsins Setbergs

Þegar þetta er ritað höfum við ekki fengið viðbrögð frá sveitarfélaginu en við vonumst til þess að forgangsröðuninni verði fylgt og að klúbburinn fái svæði og tækifæri til þess að byggja upp nýjan völl fyrir starfsemi sína.



Þrjátíu ár frá stofnun klúbbsins

Friðþjófur Einarsson bóndi á Setbergi var upphafsmaður að stofnun klúbbsins og byggingu Setbergsvallar. Þegar mest var í búskap Friðþjófs á Setbergi voru 40 mjólkandi kýr og 60 geld naut á húsi.

Búskapur á Setbergi:



Friðþjófur byrjaði sjálfur að spila golf árið 1988 en draumurinn um að byggja golfvöll í Setbergi hafði byrjað að gerjast talsvert fyrir það.

Heyskapur og mynd af Setbergi:



Árið 1990 hannaði Guðlaugur Georgsson 18 holu golfvöll á landinu. Eftir upphaflegar tillögur voru gerðar ýmsar breytingar sem enduðu í þeim 9 holu velli sem við þekkjum. Friðþjófur vildi hafa tvo teiga á hverri braut og hefur það verið mikið sérkenni á vellinum enda breytast nokkrar holur talsvert. Fyrsta braut er þar 5 hola á fyrri níu en þar 4 hola á seinni níu og áttunda braut er þar 3 hola á fyrri 9 en þar 4 hola á seinni 9. Þó svo að parið breytist ekki á öðrum holum er oft verulegur munur á þeim á milli hringja.

Þegar ákvörðun hafði verið tekin um það hvernig brautirnar skildu liggja í landinu var næsta skref að hefja framkvæmdir. Um kostnaðarsama framkvæmd var að ræða og ekki hlaupið að því fyrir einkaaðila að byggja golfvöll fyrir eigin reikning en sveitarfélög hafa aldrei komið að því að styrkja uppbyggingu á Setbergsvelli.

Um haustið 1990 fóru að myndast brestir í stíflunni við Urriðakotsvatn. Þá stíflu hafði Hafnarfjarðarbær fengið leyfi til þess að byggja til þess að stýra rennsli úr vatninu. Í miklu úrhelli tóku bræðurnir Friðþjófur og Halldór Einarssynir eftir því að stíflan væri að gefa sig. Hringdi Halldór í verkstjóra hjá bænum sem trúði þessu ekki í fyrstu. Hann kom þó á staðinn klukkan 23:00 á laugardagskvöldi. Tveimur klukkustundum síðar um nóttina voru komnar tvær ýtur og þrjá vélskóflur á vettvang til þess að freista þess að laga stífluna. Þurfti þá talsvert af efni og var það fengið úr námu á landinu. Til þess að greiða fyrir efnið bauðst

Hafnarfjarðarbær til þess að útvega ýtu sem ýtti út fyrstu og níundu brautina. Voru þá framkvæmdir hafnar. Þessi ýtuvinna var unnin af Sæmundi Eiðssyni.

Árið eftir var haldið áfram að móta brautir, teiga og flatir. Steindór Eiðsson, sem hefur frá því völlumurinn opnaði, verið félagi í klúbbnum, sá um alla ýtuvinnu fyrir utan það sem bróðir hans hafði unnið árið áður. Á árinu 1991 var hafist handa við að sá í svæði á vellinum sem hafði verið ýtt út. Frá 1992 til 1994 var áfram unnið að uppbyggingu vallarins, með sáningu, slætti og uppbyggingu teiga og flata.



Friðþjófur Einarsson og Steindór Eiðsson standa hér hjá ýtunni.

Uppbygging vallarins var undir nafni Félagsbúsins á Setbergi.

Stofnfundur klúbbsins var haldinn á heimili Friðþjófs Einarssonar þann 27. nóvember 1994. Strax á fyrsta degi gengu um 40 félagar í klúbbinn. Í kjölfar fundarins var sótt um aðild að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar og Golfsambandi Íslands. Aðildin var samþykkt 6. febrúar 1995.

Veturinn 1994 -1995 var einn sá harðasti á tuttugustu öldinni. Var því ekki hægt að byrja framkvæmdir við golfskálann fyrr en 10. maí 1995 þegar grafið var fyrir sökklum. Með mikilli vinnu margra góðra manna tókst að klára skálann að mestu leyti fyrir opnun vallarins þann 23. júní 1995.





Friðþjófur Einarsson, Guðlaugur Georgsson og Eiríkur Smith léku fyrsta hringinn eftir opnun og fylgdu þeim margir af þeim gestum sem voru viðstaddir opnunina.



Guðlaugur Georgsson, Friðþjófur Einarsson og Eiríkur Smith á níundu flötinni eftir hringinn. Eiríkur Smith hannaði merki klúbbsins.

Eftir fyrsta árið var haft á orði að þessi völlur gæti aldrei orðið góður þar sem um væri að ræða fjósavöll með beljugrasi. Það reyndist nú aldeilis ekki rétt. Flatirnar á vellinum eru með þeim bestu á landinu.



Á myndinni má sjá Böðvar Hermannsson að þútta á níundu flöt. Böðvar var einn af hvatamönnum að stofnun klúbbsins og sat í stjórn klúbbsins. Hann lést árið 1999. Árið eftir var haldið minningarmót um Böðvar og afrakstur mótsins nýttur til þess að byggja Böðvarslund við sjötta teig til minningar um Böðvar. Ragnar sonur Böðvars starfaði nokkur sumur á vellinum og núna hefur sonur hans, Böðvar, tekið við keflinu.

Setbergsvöllur var rekinn af Félagsbúinu Setbergi þar til undir lok árs 2007 þegar Golfklúbbur Oddfellowa tók við rekstri vallarins. Þrátt fyrir að nýr aðili hafi tekið við rekstri vallarins var Setbergsvöllur áfram heimavöllur GSE og klúbburinn virkur þau ár sem reksturinn var á hendi Golfklúbbs Oddfellowa. Þegar skipt var um rekstraraðila lá fyrir að hefja átta byggingu á landinu innan skamms tíma. Við þær aðstæður ákváðu margir félagar að skipta um golfklúbb og aðstoðaði klúbburinn sína féлага við að greiða hluta af inntökugjaldi fyrir þá sem vildu ganga í Golfklúbbinn Keili skv. sérstökum samningi þar um. Síðar breyttust aðstæður í þjóðfélaginu og var þá ákveðið að golfklúbburinn kæmi aftur að rekstrinum, fyrst í samstarfi við Golfklúbb Oddfellowa en klúbburinn tók alfarið við rekstrinum á árinu 2011.



Á tímabili var samstarf milli klúbbsins og Golfklúbbsins Keilis vegna umhirðu á vellinum og innheimtu á flatargjöldum. Sl. ár hafa þessi verkefni alfarið verið á höndum klúbbsins. Frá því klúbburinn tók við rekstrinum og ákvað að endurvekja starfið af krafti hefur verið unnið að því að finna nýtt svæði fyrir klúbbinn.

Klúbburinn byrjaði strax árið 1995 að taka þátt í sveitakeppnum á vegum Golfsambands Íslands og vann sig upp um eina deild á ári í karlaflokki þar til klúbburinn lék í fyrst í fyrstu deild árið 1999. Við höfum náð ágætum árangri á þessum vettvangi og fengum t.a.m. silfurverðlaun þegar keppnin fór fram hjá Golfklúbbi Suðurnesja árið 2012. Sveit klúbbsins í keppni 50 ára og eldri varð Íslandsmeistari 2023.

Kylfingar á vegum klúbbsins hafa oft náð góðum árangri í keppnum á vegum Golfsambands Íslands og hafa leikið fyrir Íslands hönd í keppnum erlendis í flokki eldri kylfinga.

Klúbbmeistarar í karla og kvennaflokki og fjöldi félaga eftir árum:

1995	Guðlaugur Georgsson		125
1996	Kristján Kristjánsson		180
1997	Kristján Kristjánsson	Lovísa Hermannsdóttir	260
1999	Ólafur Jóhannesson	Lovísa Hermannsdóttir	284
2000	Gunnsteinn Jónsson	Kristín Þorvaldsdóttir	300
2001	Tryggvi Traustason	Rós Magnúsdóttir	300
2002	Ólafur Jóhannesson	Kristín Þorvaldsdóttir	325
2003	Tryggvi Traustason	Lovísa Hermannsdóttir	340
2004	Jónas Vrang	Bjarney Sigurjónsdóttir	356
2005	Jónas Vrang	Lovísa Hermannsdóttir	370
2006	Eiríkur Guðmundsson	Írena Ásdís Óskarsdóttir	290
2007	Tryggvi Traustason	Lovísa Hermannsdóttir	250
2008			35
2009			35
2010			35
2011	Ólafur Jóhannesson	Heiðrún Harpa Gestsdóttir	283
2012	Hrafn Guðlaugsson	Þórhildur Sigtryggsdóttir	299
2013	Helgi Birkir Þórisson	Herdís Hermannsdóttir	480
2014	Hrafn Guðlaugsson	Heiðrún Harpa Gestsdóttir	480
2015	Ólafur Jóhannesson	Stefanía Arnardóttir	460
2016	Helgi Birkir Þórisson	Jóhanna Margrét Sveinsdóttir	430
2017	Tryggvi Traustason	Jóhanna Margrét Sveinsdóttir	420
2018	Hrafn Guðlaugsson	Heiðrún Harpa Gestsdóttir	430



2019	Ólafur Jóhannesson	Heiðrún Harpa Gestsdóttir	420
2020	Hrafn Guðlaugsson	Valgerður Bjarnadóttir	450
2021	Ólafur Jóhannesson	Valgerður Bjarnadóttir	550
2022	Siggeir Vilhjálmsson	Valgerður Bjarnadóttir	680
2023	Hrafn Guðlaugsson	Lovísa Huld Gunnarsdóttir	750
2024	Hrafn Guðlaugsson	Lovísa Huld Gunnarsdóttir	900

Það sem er þó allra mikilvægast er það starf sem hefur verið í klúbbum öll þessi ár. Við höfum séð vinasambönd myndast og eigum stóran hlut í aðdraganda hjónabanda í nokkrum tilvikum. Við höfum lagt mikla áherslu á innra starf klúbbsins og að allir séu velkomnir. Við setjum félagi í fyrsta sætið og látum þá njóta forgangs. Starfið í karla- og kvennaklúbbum hefur verið virkilega öflugt og reynst mjög góður vettvangur fyrir félagi að kynnast.

Við vonum svo sannarlega að niðurstaðan í leit klúbbsins að nýju svæði fyrir framtíðarstarfsemi klúbbsins verði farsæl svo við getum haldið áfram að vaxa og dafna sem íþróttafélag. Á þeirri vegferð megum við ekki gleyma þeim gildum sem við höfum haft að leiðarljósi og birtast fyrst og fremst í samstöðu, virðingu og jafnrétti.

Mánudaginn 23. júní 2025 verða liðin 30 ár frá því Setbergsvöllur opnaði formlega. Í tilefni afmælisins ætlum við að hafa mót á vellinum. Stefnan er að halda áfram að rita sögu klúbbsins og bæta við myndum, prenta á striga og hengja upp í golfskalanum fyrir mótið.

Frá kvennanefndinni

Árið 2024 fór vel af stað hjá okkur og margar nýjar konur sem komu inn í klúbbin. Mánudagstíminn okkar var mjög vel nýttur, og var fullt í nokkur skipti. Við vorum með kynningu á klúbbum um vorið. Við höldum áfram samstarfinu með Hveragerði sem gekk mjög vel og skemmtum við okkur vel saman.

Sigga í skalanum sá vel um okkur eftir spil og var talsverð aukning í því að konur stoppuðu eftir spil í spjall.

Við enduðum sumarstarfið á móti á vellinum okkar og góðum mat með DJ Nonna sem sá um að halda uppi stuðinu.

Við í nefndinni Hulda, María, Helga og Anna Magnea þökkum fyrir sumarið.

Frá karlanefndinni

Ragnar Böðvarsson, Orri Guðbergsson og Brynjar Ingólfsson voru áfram í stjórn karlklúbbsins.

Líkt undanfarin ár þá hafa aðrir félagar hjálpað mikið til. Frábær mæting var í karlagolfið eins og áður en algjör met þátttaka var í sumar. Haldin voru 20 mót og var um ýmis konar leikfyrirkomulag að ræða. Um vorið var sett upp fyrirkomulag móta fyrir sumarið.



Uppskeruhátíð var haldin með sama sniði og árið áður með frábærri mætingu og flottum verðlaunum, sem meðlimir karlastarfsins útveguðu. Mikið fjör þar sem Sigga sá um að elda dýrindis mat ofan í mannskapinn.

Skemmtiatriði og glæsilegt happdrætti þar sem meðal annars var lukkuhjól þar sem keppt var um Driver sem Brynjar Ingólfsson gaf. Krýndir voru „birdie kóngar“ hvers mánaðar en menn sem tóku þátt í mótunum gátu tekið þátt í verðlaunapotti og sett nafn sitt í pottinn fyrir hvern fugl sem þeir fengu í mótunum. Dregið var úr nöfnunum í hverjum mánuði.

Nú tekur ný stjórn við keflinu þar sem þeir Brynjar Ingólfsson, Magnús Jón Björgvinsson og Ómar Örn Aðalsteinsson ætla að stýra þessu næsta árið. Þeir byrja með krafti enda búnir að halda eitt pókermót í skálanum fyrir karlastarfið.

Hrútamótið, sem er keppni við Golfklúbb Suðurnesja, var á sínum stað en spilað er heima og að heiman. Við unnum þetta árið og erum því handhafar hrútsins.

Nokkrir félagar úr karlastarfinu tóku þátt í golfþættinum Golfarinn og kepptu í liðakeppni þar sem við höfðum að sjálfsgöðu sigur.

Fyrir hönd karlastarfsins, þökkum við kærlega fyrir okkur. Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson.

Við hlökkum til að koma og taka þátt næsta sumar.

Að lokum

Sem fyrr var góður andi hjá félagsmönnum og frábært að fá að vera hluti af þeim samheldna hópi sem hefur verið tilbúinn að vinna fyrir klúbbinn í gegnum árin.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsson, formaður.



Úrslit móta 2024

Forkeppni bikars - 29. maí

Punktamót - karlar

1. Ívar Jón Arnarsson - 23 punktar.
2. Ingólfur Már Ingólfsson - 22 punktar.
3. Þorsteinn Jafet Arnþórsson - 22 punktar.

Punktamót - konur

1. Ásthildur Guðrún Guðlaugsdóttir - 25 punktar.
2. Kristín María Valsdóttir - 24 punktar.
3. Kristín Inga Sigvaldadóttir - 20 punktar.

Jónsmessa - 22. júní - Setbergsscramble



1. sæti: Daníel Þór Midgley, Sigríður Lilja Samúelsdóttir, Örn Andrésson og Hákon Pétursson
2. sæti: Sigurður Fannar Grétarsson, Magnús Jón Björgvinsson, Berglind Guðnadóttir og Gunnar Svavarsson
3. sæti: Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Jón Alfreðsson og Arnar Björnsson

Opna Vera Design - 29. júní

A-flokkur

1. Stefanía Arnarsdóttir GSE - 41 punktur.
2. Lovísa Huld Gunnarsdóttir GSE - 39 punktar.
3. Valgerður Bjarnadóttir GSE - 38 punktar.



B-flokkur

- | | | |
|-----------------------------------|-----|---------------|
| 1. Anna Katrín Þórðardóttir | GSE | - 48 punktar. |
| 2. Jóhanna Beck Ingibjargardóttir | GSE | - 46 punktar. |
| 3. Svanhildur Sverrisdóttir | GM | - 43 punktar. |

Meistaramót GSE - 7. - 13. Júlí



72 holur - Höggleikur

Meistaraflokkur karla

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Hrafn Guðlaugsson | - | 282 högg. |
| 2. Haukur Már Ólafsson | - | 291 högg. |
| 3. Guðjón Henning Hilmarsson | - | 392 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | |
|--------------------------|---|-----------|
| 1. Daði Arnarsson | - | 342 högg. |
| 2. Sigurður Óli Guðnason | - | 344 högg. |
| 3. Jón Yngvi Jóhannsson | - | 347 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|-----------|
| 1. Arnar Svansson | - | 307 högg. |
| 2. Guðmundur Jóhannsson | - | 313 högg. |
| 3. Sófus Árni Hafsteinsson | - | 317 högg. |

Priðji flokkur karla

- | | | |
|----------------------------|---|-----------|
| 1. Haraldur Birgisson | - | 371 högg. |
| 2. Hreiðar Geir Jörundsson | - | 372 högg. |
| 3. Guðmundur Karl Gautason | - | 372 högg. |

Fjórði flokkur karla - punktar

- | | | |
|-----------------------|---|--------------|
| 1. Hákon Pétursson | - | 122 punktar. |
| 2. Pálmar Garðarsson | - | 113punktar. |
| 3. Ásmundur Pétursson | - | 112 punktar. |

Fimmti flokkur karla - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|--------------|
| 1. Kristinn Ingi Lárusson | - | 124 punktar. |
| 2. Sigurður Pétur Hansen | - | 120 punktar. |
| 3. Svanberg Halldórsson | - | 101 punktur. |

Meistaraflokkur kvenna - höggleikur

- | | | |
|---------------------------------|---|-----------|
| 1. Lovísa Huld Gunnarsdóttir | - | 306 högg. |
| 2. Högna Kristbjörg Knútsdóttir | - | 309 högg. |
| 3. Saga Ísafold Arnarsdóttir | - | 309 högg. |

Annar flokkur kvenna - höggleikur

- | | | |
|------------------------------|---|-----------|
| 1. Helga Ívarsdóttir | - | 339 högg. |
| 2. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | - | 347 högg. |
| 3. Herdís Hermannsdóttir | - | 352 högg. |

Priðji flokkur kvenna - höggleikur

- | | | |
|--------------------------------|---|--------------|
| 1. Ásta Edda Stefánsdóttir | - | 110 punktar. |
| 2. Ágústa Hera Birgisdóttir | - | 105 punktar. |
| 3. Anna Hedvig Þorsteinsdóttir | - | 99 punktar. |

Fjórði flokkur kvenna - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|--------------|
| 1. Björg Ýr Jóhannsdóttir | - | 108 punktar. |
| 2. Margrét Ósk Sivertsen | - | 104 punktar. |
| 3. Anna Bára Teitadóttir | - | 101 punktur. |

Fimmti flokkur kvenna - punktar

- | | | |
|-----------------------------|---|--------------|
| 1. Una Marsibil Lárusdóttir | - | 123 punktar. |
| 2. Þóra Stefánsdóttir | - | 104 punktar. |
| 3. Björk Reynisdóttir | - | 94 punktar. |

Öldungaflokkur - karlar 55 + - 3 dagar - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|--------------|
| 1. Svanur Guðmundsson | - | 110 punktar. |
| 2. Heiðar Rafn Sverrisson | - | 110 punktar. |
| 3. Guðni Bergur Einarsson | - | 108 punktar. |



Öldungaflokkur - karlar 70 + - 3 dagar - punktar

1. Örn Andrésen - 97 punktar.
2. Hinrik Axelsson - 84 punktar.
3. Guðmundur Svavarsson - 67 punktar.

Öldungaflokkur - kvenna - 3 dagar - punktar

1. Ragnheiður Sæmundsdóttir - 120 punktar.
2. Sóley Einarsdóttir - 118 punktar.
3. Sigríður Þorkeldsdóttir - 106 punktar.

Opna Setbergsmótið - 7. ágúst

Punktar

1. Ólafur Hreinn Jóhannesson GSE - 40 punktar.
2. Valgerður Bjarnadóttir GSE - 40 punktar.
3. Lovísa Huld Gunnarsdóttir GSE - 40 punktar.
4. Ingi Rafn William Davíðsson GS - 40 punktar.
5. Bjarni Heiðar Þorvaldsson GSE - 38 punktar.

Besta skor án forgjafar

1. Guðjón Henning Hilmarsson GSE - 70 högg

Bangsamótið - september

Karlarnir unnu og er bangsinn því í áfram **bláum** fötum næsta árið.



Bændaglíma - 6. október - Setbergsscramble

Andrés Andrésón, Haraldur Árnason, Kristín Björg Hákonardóttir og Magnús S, Magnússon



Bikarmeistarar:

Stefanía Arnarsdóttir og Ingólfur Mór Ingólfsson



Klúbbmeistarar:

Lovísa Huld Gunnarsdóttir og Hrafn Guðlaugsson



Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2024

	2024	2023
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	63.286.109	51.455.824
Tekjur af sölu vallargjalda	10.969.190	13.077.249
Tekjur af æfingasvæði	1.052.500	1.151.500
Styrkir og framlög	2.600.000	1.810.000
Tekjur af mótum	1.468.000	1.230.000
Golfbílaleiga	416.000	458.000
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	996.184	973.339
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	16.438	52.004
Vaxtatekjur	5.754.249	1.600.746
Unglingastarf	705.000	200.000
Vörusala	550.000	1.500.000
Rekstrartekjur samtals	87.813.670	73.508.662

Rekstrargjöld:

Aðkeypt þjónusta	0	1.544.650
Félagaskattur GSÍ	5.446.400	4.062.000
Sveitakeppni karla og kvenna	1.200.570	859.908
Verðlaun í mót - umsjón	190.000	548.783
Kostnaður v/stjórnar nefnda	47.605	176.636
Innheimtukostnaður	220.521	164.674
Leiga á landi	7.480.958	7.118.800
Leiga á geymsluhúsnæði	3.600.000	3.300.000
Leiga á vélum / landi	750.000	750.000
Laun og launatengd gjöld	24.780.608	21.055.834
Viðhald og rekstur vallar	2.498.018	2.596.726
Viðhald og rekstur véla	3.575.097	3.230.270
Rekstur skála	6.405.435	4.098.963
Vörur	760.674	1.363.432
Þrjátíu ára afmæli	236.530	0
Ræsing og umsjón	1.734.000	1.246.000
Afskriftir	4.531.348	4.555.437
Unglingastarf	1.653.553	419.940
Boltar og mottur	55.470	655.878
Leiga á golfbílum	1.621.840	608.000
Uppsetning róbota	207.578	989.498
Ýmis kostnaður	224.189	158.099
Rekstrargjöld samtals	67.220.394	59.503.528

Hagnaður ársins

20.593.276 **14.005.134**

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2024

Eignir	2024	2023
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	55.000	55.000
Golfbíll	22.500	22.500
Sláttuvélar 2012	75.000	75.000
Æfingasvæði / malbikun	200.000	200.000
Ræsishús 2014	50.000	50.000
Brautarláttuvél 2014	450.000	450.000
Boltavél	51.200	76.800
Gámur 2015	101.680	101.680
Gámar, vélar og tæki	697.500	976.500
Röfsláttuvél 2019	3.969.223	4.851.273
Sturtuvagn 2019	193.200	241.500
WC - hús 2019	140.000	175.000
Flatarláttuvél 2020	1.948.241	2.272.948
Vinnu golfbíll 2020	1.004.400	1.171.800
Sandari 2020	660.713	770.832
Stækkun golfskáli 2020	2.800.000	3.200.000
Ræsishús 2020	900.000	1.050.000
Vélageymsla 2020	900.000	1.050.000
Teigavél	210.000	240.000
Flatarláttuvél	350.000	400.000
Dráttarvél m/ámoksturstækjum	1.602.353	1.869.412
Teigavél 2021	2.322.866	2.710.010
Róbotar 2023	7.092.258	7.092.258
Spreyari 2023	1.682.471	1.899.273
Fastafjármunir samtals	27.478.605	31.001.785
Veltufjármunir:		
Banka innistæður Íslandsbanki	50.828.480	37.145.735
Banka innistæður Landsbankinn	938.832	4.510.255
Veltufjármunir samtals:	51.767.312	41.655.990
Eignir alls	79.245.917	72.657.775

Skuldir og Eigið fé

Eigið fé

Eigið fé flutt frá fyrra ári	58.652.641	49.397.222
Hagnaður	20.593.276	9.255.420

Eigið fé samtals	79.245.917	58.652.641
-------------------------	-------------------	-------------------

Skuldir

Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	79.245.917	58.652.641

Setbergi 26. nóvember 2024

Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Örn Andrésson

Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Rekstraráætlun 2025

2025

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld innheimt	70.000.000
Tekjur af sölu vallargjalda	8.000.000
Tekjur af æfingasvæði	1.000.000
Styrkir og framlög	2.000.000
Tekjur af mótum	1.500.000
Golfbílaleiga	500.000
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	1.000.000
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	50.000
Vaxtatekjur	6.000.000
Unglinganámskeið	700.000
Vörusala	750.000
Rekstrartekjur samtals	91.500.000

Rekstrargjöld:

Félagaskattur GSÍ	6.000.000
Sveitakeppni karla og kvenna	1.000.000
Verðlaun í mót - umsjón	500.000
Kostnaður v/stjórnar nefnda	250.000
Innheimtukostnaður	500.000
Leiga á landi	8.000.000
Leiga á geymsluhúsnæði	4.000.000
Leiga á vélum / landi	750.000
Laun og launatengd gjöld	30.000.000
Viðhald og rekstur vallar	4.000.000
Viðhald og rekstur véla	4.000.000
Rekstur skála	4.000.000
Vörur	750.000
Þrjátíu ára afmæli	250.000
Ræsing og umsjón	2.000.000
Afskriftir	5.000.000
Unglingastarf	1.500.000
Boltar og mottur	1.000.000
Leiga á golfbílum	1.500.000
Uppsetning róбота	500.000
Ýmis kostnaður	500.000
Rekstrargjöld samtals	76.000.000

Hagnaður ársins **15.500.000**

Fjárfestingaráætlun 2025

Vélar og tæki	5.000.000
Æfingaaðstaða	20.000.000
Nýr golfvöllur - skipulagsvinna	1.000.000
Samtals	26.000.000

Undirritunarsíða

ársskýrsla GSE
Högni Friðbjósson



Undirritað af:
Högni Friðbjósson
0704723689
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:29:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Þórarinn Karl Sófusson



Undirritað af:
Þórarinn Karl Sófusson
0410384389
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:50:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Karl Ísleifsson



Undirritað af:
Karl Ísleifsson
1604623539
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:30:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Sigrún Eir Héðinsdóttir



Undirritað af:
Sigrún Eir Héðinsdóttir
0610673889
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:28:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Elín Reynisdóttir



Undirritað af:
Elín Reynisdóttir
0903584729
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:39:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Fríða Björg Leifsdóttir



Undirritað af:
Fríða Björg Leifsdóttir
0511774609
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:27:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla 2023
Einar Sigurðsson



Undirritað af:
Einar Sigurðsson
3112715719
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:41:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Örn Andrésón



Undirritað af:
Örn Andrésón
1908513039
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:43:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41

ársskýrsla GSE
Pétur Einarsson



Undirritað af:
Pétur Einarsson
2106564809
Dags: 27.11.2024
Tími: 16:26:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 972f7072-688c-4b77-be91-3639de1b5d41